

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Garðabrautar og Jaðarsbrautar.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 14. janúar 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Garðabrautar og Jaðarsbrautar á Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Garðabraut og felst í því að lögun byggingarreits breytist lítillega. Heimilt verður að koma fyrir íbúðum á fyrstu hæð til suðurs í vestari hluta byggingarreits. Staðsetningu útkeyrslu á Innra-Skarð og fyrirkomulagi bílastæða verður breytt. Staðsetning sorpgeymslu breytist.

Breytt deiliskipulag Sólmundarhöfða.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 28. janúar 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sólmundarhöfða á Akranesi.

Breytingin felst í því að felldar eru niður 2 af 6 óbyggðum lóðum við Höfðagrund. Auk þess eru tvær lóðir færðar til.

Deiliskipulagsbreytingarnar sem voru auglýstar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um taka þegar gildi.

Akranesi, 6. febrúar 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.